TUNNAN PRENTÞJÓNUSTA
tunnan@tunnan.is
Sími: 467 - 1288
29. tbl. 32. árg. 30. sept. - 6. okt. 2020

# TUNNAN prentuð í þessari viku.
## Vefútgáfa er á: www.tunnan.is


### Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra- SSNE leita að verkefnastjóra

SSNE auglýsir eftir verkefnisstjóra í afmarkað og tímabundið verkefni. Verkefnið sem um ræðir er styrkt af **A.10. Almenningssamgöngur um land allt** úr Byggðaáætlun 2018-2024.

Verkefnið ber heitið **Samfélagsleg nýsköpun- Samlegð farþega- og póstflutninga á Norðurlandi.**
Verkefnið felst í að tengja saman hagaðila og setja upp rekstrarhæft viðskiptamódel ásamt því að setja upp leiðatöflu sem tekur til allra þátta s.s. þjónustu við íbúa, póstþjónustu og ferðaþjónustu. Svæðið sem um ræðir er frá Húsavík til Þórshafnar.

**Verkefnastjóri þarf að hafa til að bera eftirfarandi menntun og/eða hæfni**

- Menntun sem nýtist verkefninu s.s. viðskiptafræði, verkefnastjórnun o.s.frv.
- Reynslu af verkefnastjórnun með mörgum hagaðilum
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Góða íslenskukunnáttu og reynslu í að setja fram gögn í skýrslum
- Góða excel kunnáttu
- Framúrskarandi samskiptahæfileika.

**Hlutverk SSNE er að þjónusta sveitarstjórnir og atvinnulíf á starfssvæði landshlutasamtakanna til að ná framangreindum markmiðum– með eftirfarandi hætti:**

- Innleiða og fylgja eftir sóknaráætlun og byggðaáætlun, þ.á.m. með úthlutun fjármuna og styrkja til einstakra verkefna, svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 69/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlun
- Gæta hagsmuna aðildarsveitarfélaganna utan starfssvæðisins
- Vinna að málum sem eru aðildarsveitarfélögunum sameiginleg innan starfssvæðisins
- Stuðla að öflugu atvinnusvæði til framtíðar með stuðningi við nýsköpun og atvinnuþróun, mótun svæðisskipulags og hagsmunagæslu þar að lútandi
- Annast greiningar, þekkingaröflun og þekkingarmiðlun sem nýtast hlutverki SSNE

SSNE
Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Umsóknarfrestur er til og með 12. október 2020. Umsóknir skal senda á ssne@ssne.is. Nánari upplýsingar má nálgast hjá Silju í síma 8661775/netfang silja@ssne.is og Nönnu Steinu í síma 4649982/netfang nanna@ssne.is.

## BÖGGVISBRAUÐ
Lífræn súrdeigsbrauð úr viðarhitaða steinofninum á Böggvisstöðum.
**Bakað fimmtudaga f. Fjallabyggð. Uppl. á Facebook/Böggvisbrauð eða síma: 692-4754. Greitt fyrirfram eða áskrift.** ***Afhending brauða á fim,*** **Keyrt heim.**



BARNA MENNINGAR DAGAR Í FJALLABYGGÐ
24.-27. október 2020

**MIÐVIKUDAGUR 30. SEPT.**
13.00 Spaugstofan 2005 - 2006
13.25 Landakort
13.35 Á tali hjá Hemma Gunn
14.55 Gettu betur 2014 (6:7)
15.55 Kastljós (26:145)
16.10 Menningin (26:67)
16.20 Manstu gamla daga? (12:
17.00 Sætt og gott
17.20 Poppkorn 1987 (11:35)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.50 Krakkafréttir (15:68)
18.54 Víkinglottó
**19.00 Fréttir Íþróttir Veður**
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Kiljan (1:12)
20.45 Landakort
21.00 Versalir (9:10)
22.00 Tíufréttir 22.15 Veður
**22.20 Á nýjum stað Heimildarmynd um sex konur sem fluttu frá Þýskalandi til Íslands á miðri síðustu öld. „Óskað eftir kvenkyns starfsfólki á bóndabæ" var auglýst í þýskum blöðum árið 1949 og í kjölfarið flutti fjöldi þýskra kvenna hingað til lands. Áhugaverðar sögur þeirra snerta á sögu íslensks samfélags.** Leikstjóri: Heike Fink.
23.45 Undirrót haturs (6:6)
00.25 Dagskrárlok

**FIMMTUDAGUR 1. OKT.**
09.00 Heimaleikfimi (1:10)
09.10 Kastljós (27:145)
09.25 Menningin (27:67)
09.35 Spaugstofan 2005 - 2006
10.00 Sirkussjómennirnir (5:5)
10.30 Treystið lækninum
11.25 Línudans
12.30 Sætt og gott
13.00 Heimaleikfimi
13.15 Í blíðu og stríðu (1:4)
13.45 Landakort
**13.55 Setning Alþingis** Bein útsending frá setningu Alþingis.
14.35 Gamalt verður nýtt
14.45 Út og suður
15.15 Gettu betur 2014 (7:7)
16.35 Manstu gamla daga? (13:
17.15 Okkar á milli (3:10)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.50 Krakkafréttir (16:68)
**19.00 Fréttir Íþróttir Veður**
**19.30 Stefnuræða forsætisráðherra Bein útsending frá Alþingi þar sem Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra flytur stefnuræðu sína og fram fara umræður um hana.**
22.00 Tíufréttir 22.15 Veður
22.20 Lögregluvaktin (8:22)
23.05 Babýlon Berlín (4:16)
23.50 Dagskrárlok

**FÖSTUDAGUR 2. OKT.**
09.00 Heimaleikfimi (2:10)
09.10 Spaugstofan 2005 - 2006
09.40 Mennskar tímasprengjur
10.20 Landakort
10.30 Á fjöllum - Líf skýjum ofar
11.25 Fyrsti arkitektinn - Rögnvaldur Ólafsson
12.00 Reykjavík í öðru ljósi
12.50 Tónaflóð
13.00 Heimaleikfimi (2:10)
13.20 Basl er búskapur (5:10)
13.50 Gettu betur 2015 (1:7)
14.45 Finndið
15.45 Sætt og gott
16.05 Landinn
16.35 Sögur af handverki
16.45 Hljómskálinn III (4:4)
17.15 Ólympíukvöld (8:11)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
**19.00 Fréttir Íþróttir Veður**
19.45 Kappsmál (4:13)
20.50 Vikan með Gísla Marteini
**21.35 Matur og munúð (1:4)**
Þriðja þáttaröðin um lífið á Penrose-hótelinu.
22.25 Vera
23.55 Babýlon Berlín (5:16)
00.40 Dagskrárlok

**LAUGARDAGUR 3. OKT.**
07.15 KrakkaRÚV
10.00 Herra Bean
10.10 Söngkeppni framhaldsskólanna
12.25 Kappsmál (2:13)
13.25 Vikan með Gísla Marteini
14.10 Attenborough: Furðudýr í náttúrunni (1:5)
14.35 Síðbúið sólarlag (2:6)
15.05 Kiljan (1:12)
15.45 Nile Rodgers: Galdurinn við að slá í gegn (1:3)
16.50 Nýjasta tækni og vísindi
17.20 Norðurlandsjakinn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Ósagða sagan (14:15)
18.29 Maturinn minn (3:15)
18.45 Svipmyndir frá Noregi (3:
18.53 Lottó
**19.00 Fréttir Íþróttir Veður**
19.50 Fólkið mitt og fleiri dýr (6:
20.40 Leyndarmál Mánaekru
22.20 Bíóást: Platoon (1:12)
22.23 Platoon
00.15 Match (1:2)
00.30 Dagskrárlok

**SUNNUDAGUR 4. OKT.**
07.15 KrakkaRÚV
10.00 Hundalíf
10.05 Treystið lækninum (2:3)
11.00 Silfrið
12.10 Á nýjum stað
13.35 Martin Clunes: Eyjar Ástralíu (3:3)
14.25 Sænskar krásir
14.35 Fólkið mitt og fleiri dýr (4:
15.25 Guðrún Sóley grillar
15.35 Poirot – Spilin á borðið (2
17.10 Landakort
17.20 Menningin - samantekt
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Stundin okkar (1:11)
18.25 Lífsins lystisemdir (1:17)
**19.00 Fréttir Íþróttir Veður**
19.55 Landinn
20.40 Ráðherrann (3:8)
21.35 Snilligáfa Einsteins (4:10)
22.25 Evrópskir bíódagar: Aus dem Nichts (2:11)
22.30 Aus dem Nichts
00.10 Dagskrárlok

**MÁNUDAGUR 5. OKT.**
09.00 Heimaleikfimi (3:10)
09.10 Spaugstofan 2005 - 2006
09.35 99% norsk (1:5)
10.10 Treystið lækninum (1:4)
11.05 Skjól og skart
12.20 Mósaík 2000-2001 (1:29)
13.05 Heimaleikfimi (3:10)
13.15 Bækur og staðir
13.25 Landinn (3:14)
14.00 Maður er nefndur
14.35 Í leit að fullkomnun – Félagslíf (6:8)
15.05 Gettu betur 2015 (2:7)
16.00 Sögur af handverki
16.10 Uppáhaldsréttir Nadiyu (4
16.40 Silfrið
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.50 Krakkafréttir (17:68)
**19.00 Fréttir Íþróttir Veður**
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.05 Nýjasta tækni og vísindi
20.35 Attenborough: Furðudýr í náttúrunni (2:5)
21.00 Vegir Drottins (6:10)
22.00 Tíufréttir Veður
22.20 Nile Rodgers: Galdurinn við að slá í gegn (2:3)
23.20 Geimfarar - Erfiðasta starf í alheiminum (1:6)
00.10 Dagskrárlok

**ÞRIÐJUDAGUR 6. OKT.**
09.00 Heimaleikfimi (4:10)
09.10 Kastljós (28:145)
09.25 Menningin (28:67)
09.35 Spaugstofan 2005 - 2006
12.50 Heimaleikfimi (4:10)
13.25 Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2007-2008 (10:27)
14.45 Gettu betur 2015 (3:7)
15.50 Gleðin í garðinum (9:12)
16.25 Ljósmóðirin (5:8)
17.20 Menningin - samantekt
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.50 Krakkafréttir (18:68)
**19.00 Fréttir Íþróttir Veður**
19.35 Kastljós
20.00 Eddan 2020
21.20 Okkar á milli
22.00 Tíufréttir Veður
22.20 Þegar rykið sest (2:10)
23.20 Kennarinn (7:10)
00.10 Dagskrárlok

**SKILAFRESTUR FYRIR AUGLÝSINGAR Í TUNNUNA.**
**ÞURFA AÐ BERAST FYRIR KL. 12.00 Á ÞRIÐJUDÖGUM.**


## Fasteign óskast

5 manna fjölskylda leitar að rúmgóðu einbýlishúsi á Siglufirði til kaupa.

EIGNAMIÐLUN

Hafið samband: Kári Sighvatsson – S. 899-8815 – kari@eignamidlun.is

Fjallabyggð

# Fjárhagsáætlun 2021

**Ábendingar, tillögur og/eða erindi er varða fjárhagsáætlun 2021**

Þeir íbúar, félagasamtök og fyrirtæki í Fjallabyggð sem vilja koma með ábendingar, tillögur og/eða erindi er varða fjárhagsáætlun 2021 eru hvattir til að senda þær inn til bæjaryfirvalda í netfangið **fjallabyggd@fjallabyggd.is** merkt fjárhagsáætlun 2021.

**Styrkir eða framlög bæjarfélagsins vegna starfsemi ársins 2021**

Þeir einstaklingar og félagasamtök sem hafa hug á að sækja um styrki eða framlög vegna starfsemi ársins 2021 er bent á að senda inn umsóknir til bæjaryfirvalda.

Umsækjendur eru hvattir til að sækja um rafrænt í gegnum íbúagáttina **"Rafræn Fjallabyggð"** sem finna má á heimasíðu Fjallabyggðar.

**Umsóknarfrestur vegna styrkja eða framlaga**

**er til 18. október nk.**

Skilyrði skoðunar á umsókn er að henni fylgi greinargerð sem skýrir verkefnið sem sótt er um styrk til og samfélagslegan ávinning sem af því hlýst, svo og skattframtal eða ársreikningur umsækjanda vegna 2019.

Áskilinn er réttur til að krefjast fyllri gagna.

**Fjallabyggð 29. sept. 2020**

**Elías Pétursson, bæjarstjóri**

# Viltu byrja snemma á jólagjöfunum?

## Kíktu þá á þetta.

Ertu með hugmynd? Við sérhönnum fyrir þig.

Daley-hönnun var að setja í loftið nýja Facebook síðu, þar sem jólainnkaupin þín gætu byrjað.
Íslensk hönnun með sniðugum jóla- og tækifærisgjöfum.

Persónuleg þjónusta og afhending á vörum á fimmtudögum í Fjallabyggð.




**Skildða vera jólahjól**
**Rautt eða hvítt 4.500 kr.**




**Heims um ból**
**Rautt eða hvítt**
**4.500 kr.**




**Liverpool jólakúla**
**2.000 kr.**




**Stórt Manchester skilti**
**6.500 kr.**




**Jólakúlur 2.000 kr.**
**Amma, afi, mamma, pabbi, systir, bróðir, vinkona, vinur.**
**Sépantanir á nöfn 2.500 kr.**

**Þetta og svo miklu meira**
Finndu okkur á Facebook



# Kominn tími á álestur!

**Nú getur þú skilað inn álestri á einfaldan og fljótlegan hátt í gegnum „Mínar síður“. Þessi nýji möguleiki gerir okkur kleift að takmarka heimsóknir inn á heimili viðskiptavina og ferlið er bæði einfalt og fljótlegt.**

- Þú einfaldlega ferð inn á heimasíðu okkar **www.no.is**
- Skráir þig inn á „Mínar síður“ með rafrænum skilríkjum
- Smellir á „Notkun og álestrar“
- Skráir inn dagsetningu og stöðu mælis/mæla. Gott er að hlaða einnig upp mynd sem sýnir mælanúmer og stöðu mælis

***Aðeins þarf að skila inn mælaálestri fyrir þá mæla sem eru með merki Norðurorku fyrir framan mælisnúmer á „Mínum síðum“. Aðrir mælar eru fjarlesnir.***

Notkun og álestrar

| | FASTANÚMER | NOTKUNARSTAÐUR | VEITUKERFI | MÆLISNÚMER | SÍÐASTI ÁLESTUR | DAGS. SÍÐASTA ÁLESTURS | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 14898 | | HEITT VATN | 15200443 | 14353 | 14.08.2019 | Skoða |
| | 20457 | Rangárvellir 100 mælaskipti 5 | HEITT VATN | 111111113 | 0 | 28.08.2017 | Skoða Skrá |
| | 21763 | | RAFMAGN | 9009802 | 24204 | 06.04.2020 | Skoða |

Athugið að mismunandi mynd birtist eftir því hvort notuð er tölva eða sími.

**Sjá nánari leiðbeiningar á heimasíðu okkar www.no.is**

Fyrir þá viðskiptavini okkar sem ekki geta skilað rafrænum álestri í gegnum tölvu, snjallsíma eða með símtali í þjónustuver (460-1300) þá mun starfsfólk Norðurorku að sjálfsögðu áfram tryggja árlegan álestur

NORÐURORKA
Vatnsveita - Rafveita - Hitaveita - Fráveita

NORÐURORKA HF. | RANGÁRVÖLLUM | 603 AKUREYRI | WWW.NO.IS | SÍMI: 460 1300 | NO@NO.IS

# ÚTBOÐ

Fjallabyggð óskar eftir tilboðum í að byggja anddyri, búningsklefa og tilheyrandi tengibyggingu við núverandi sundlaugarbyggingu og íþróttahús á Siglufirði, samtals 292,3 $m^2$ á tveimur hæðum. Innifalið í verkinu er rif á tengigangi og breytingar á núverandi húsnæði samtals um 110 $m^2$ skv. teikningum AVH dags. í júlí 2020.

**Verktími er frá 1. nóv. 2020 til 28. febrúar 2022.**

Helstu magntölur eru:

| | |
|---|---|
| Gröftur | 1.200$m^3$ |
| Steypumót | 1.400$m^2$ |
| Steypustyrktarstál | 10.000 kg |
| Steinsteypa | 190$m^3$ |
| Kerfisloft | 310$m^2$ |
| Málun | 600$m^2$ |
| Flísalögn samtals | 810$m^2$ |

Ósk um afhendingu rafrænna útboðsgagna skal senda á netfangið avh@avh.is og verða þau afhent frá og með 29. september nk.

Tilboð skulu berast rafrænt á netfangið avh@avh.is fyrir kl. 13:00 þriðjudaginn 20. október og verða tilboðin opnuð kl. 13:30 sama dag í ráðhúsi Fjallabyggðar, Gránugötu 24, Siglufirði í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska. Bjóðendum mun gefast kostur á að fylgjast með opnun tilboða á fjarfundi óski þeir þess.

# Helgarnám í húsasmíði og húsgagnasmíði við FNV

**Forsendur:**

Námið hefst á vorönn 2021. Um er að ræða fjögurra anna nám. Nemandi skal vera 23ja ára að aldri og hafa unnið í byggingavinnu. Nemendur sem hafa undirgengist raunfærnimat fá viðkomandi áfanga metna. Skráningargjald er kr. 50.000 á önn.

**Kennslufyrirkomulag:**

Kennt er um fimm helgar á önn nema á lokaönn þegar helgarnar eru sex talsins. Kennsla hefst kl. 15.00 á föstudögum og er kennt til kl. 22.00 með hálftíma matarhléi um kl. 19.00. Á laugardögum hefst kennsla kl 08:00 og er kennt til kl. 18.00.

Á sunnudögum hefst kennsla kl. 08:00 og lýkur kl 17:00. Klukkustundar hádegishlé er um kl. 12.00 báða dagana.

**Námsfyrirkomulag:**

Bæði verklegar og fagbóklegar námsgreinar eru kenndar í staðlotum. Aðrar almennar greinar s.s, íslensku, tungumál og stærðfræði þurfa nemendur að taka í hefðbundnu dagskólanámi, í fjarnámi eða hjá símenntunarstöðvum.

Í verklegum greinum er skilyrði að nemendur mæti 100%.

**Sótt er um með tölvupósti til fnv@fnv.is og í síma 455-8000. Í umsókn komi fram upplýsingar um nafn, kennitölu, símanúmer og netfang umsækjanda. Tekið skal fram í umsókn hvort sótt er um nám í húsasmíði eða húsgagnasmíði. *Umsóknarfrestur er til 24. október 2020.***

**Atli Már Óskarsson veitir nánari upplýs. um húsasmíði í síma 860-2083 og Karítas S. Björnsdóttir um húsgagnasmíði í síma 865-0619.**

Fjallabyggð

# BÆJARLISTAMAÐUR FJALLABYGGÐAR

# 2021

Markaðs- og menningarnefnd Fjallabyggðar auglýsir eftir umsóknum og eða rökstuddum ábendingum/tilnefningum um Bæjarlistamann Fjallabyggðar 2021.

Nafnbótin bæjarlistamaður getur hlotnast einstökum listamanni eða hópi. Styrkur til bæjarlistamanns 2021 nemur kr. 300.000.- til einstaklings og kr. 400.000.- til hóps.

Umsóknir eða ábendingar skulu berast til bæjarfélagsins fyrir 28. október nk. með bréfi eða í tölvupósti til markaðs- og menningarfulltrúa, Lindu Leu Bogadóttur, netfang: lindalea@fjallabyggd.is.

Reglur um tilnefningu bæjarlistamanns má finna á heimasíðu Fjallabyggðar.

Fjallabyggð, 1. október 2020
Markaðs- og menningarnefnd Fjallabyggðar